

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2005, þriðjudaginn 21. júní, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til **38. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður, Hreiðar Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi.

**1.** Pétur Þórarinsson Laufási Grýtubakkahreppi, sækir um leyfi til að byggja fjárhús, stækkun á núverandi fjárhúsum til norðurs sem byggð voru 1999 á jörðinni Laufási. Fyrir liggur samþykki Prestssetrasjóðs. Meðfylgjandi teikningar eru frá Opus teikni-&verkfræðistofu, dags. 8. júní 2005, verk nr. 090604.

**Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við framlagðar teikningar, en frestar endanlegri afgreiðslu, þar sem samþykki sveitarstjórnar og eldvarnareftirlits liggur ekki fyrir.**

**2.** Trausti H. Haraldsson Burknavöllum 17 a, Hafnarfirði, sækir um leyfi til að byggja frístundahús á landsspildu sem heitir Grenihlíð, úr jörðinni Mógili Svalbarðstrandarhrepp, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 4. júní 2005, verk nr. 02-314.

**Ekki er hægt að afgreiða erindið þar sem fyrirhugað frístundahús er staðsett á lóð sem aðalskipulag sýnir að eigi að vera íbúðarhús.**

**3.** Natalía Ólafsson, Dalsgerði 3 f, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús og bílskúr á lóð nr. 5 í Vaðlabýggð, Svalbarðsstrandarhrepp, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Hugverk Hönnunarþjónusta, Stefán Ingólfsson, dags. 12. júní 2005, verk nr. 275

**Byggingarnefnd samþykkir húsið, en gerir athugasemd við að mænisstefna er ekki í samræmi við skipulagsskilmála, einnig þarf að skila inn nýjum teikningum sem uppfylla kröfur frá eldvarnareftirliti.**

**Byggingarnefnd bendir á að skv. 120. og 121. gr. byggingarreglugerðar skulu hús sem byggð eru með þessum hætti bera vottun frá viðurkenndum aðila.**

**4.** Natalía Ólafsson, Dalsgerði 3 f, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús og bílskúr á lóð nr. 6 í Vaðlabýggð, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Hugverk Hönnunarþjónusta, Stefán Ingólfsson, dags. 12. júní 2005, verk nr. 275

**Byggingarnefnd samþykkir húsið, en gerir athugasemd við að mænisstefna er ekki í samræmi við skipulagsskilmála, einnig þarf að skila inn nýjum teikningum sem uppfylla kröfur frá eldvarnareftirliti.**

**Byggingarnefnd bendir á að skv. 120. og 121. gr. byggingarreglugerðar skulu hús sem byggð eru með þessum hætti bera vottun frá viðurkenndum aðila.**

**5.** Stefán Hlynur Björgvinsson, Glerárholti, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús og bílskúr á lóð nr. 10 í Vaðlabýggð, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni-&verkfræðistofu, dags. 15. júní 2005, verk nr. 050301.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið, en bendir á að skv. 120. og 121. gr. byggingarreglugerðar skulu hús sem byggð eru með þessum hætti bera vottun frá viðurkenndum aðila.**

**6.** Fossland ehf, Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús og bílskúr á lóð nr. 3 við Fossland, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, dags. 18.04.2005 verk nr. 05-307.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið, en skila þarf inn nýjum teikningum sem uppfylla kröfur frá eldvarnareftirliti.**

**7.** Jón Stefánsson, Teigi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús og bílskúr á lóð nr. 28 á skipulögðu svæði í landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Form, dags. 16. júní 2005,

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

8. Bergsteinn Gíslason, Leifsstöðum 15, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir jarðhýsi (20 feta gám) við sumarhús á lóð nr. 15 í Leifsstaðabrúnum. Afstöðumynd fylgir sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu.

**Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi í eitt ár.**

9. Eskja ehf, Strandgötu 39, Eskifirði, sækir um leyfi fyrir 9 fermetra garðhúsi frá BYKO við sumarhús á lóð nr. 14 í Leifsstaðabrúnum, meðfylgjandi eru teikningar af húsinu óundirritaðar.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

10. Óskar Kristjánsson, Grænuhlíð, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir vélageymslu á jörðinni Grænuhlíð, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, Ívari Ragnarssyni dags. 20. júní 2005, verk nr. 05-503.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið, en skila þarf inn nýjum teikningum sem uppfylla kröfur frá eldvarnareftirliti.**

11. Óskar Kristjánsson, Grænuhlíð, Eyjafjarðarsveit, óskar eftir leyfi byggingarnefndar til að rífa eftitaldar byggingar á jörðinni Arnarstöðum, Eyjafjarðarsveit:

Mhl. 02 íbúðarhús 1945, 03 fjós 1986, 04 kálfahús, 08 fjárhús 1986, 10 mjólkurhús, 12 geymsla 1947, hlaða 1930 og 16 geymsla 1952.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

12. Einar Tryggvi Thorlacius, Álfabyggð 20, Akureyri, sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á lóð nr. 2 við Sunnutröð í Reykárhverfi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus teikni- & verkfræðistofu dags. 16. júní 2005 verk nr. 050602.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

13. Hörður Snorrason, Hvammi, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi byggingarnefndar til að byggja fjós á jörðinni Hvammi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá H.S.Á teiknistofu, Ívari Ragnarssyni dags. 19. júní 2005, verk nr. 05-502.

**Byggingarnefnd samþykkir erindið.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00

Hreiðar Hreiðarsson

Jónas Baldursson

Haukur Steindórsson

Kristján Kjartansson

Jósavin Gunnarsson